Reykjavík, 30. janúar 2024
FAS24010022

Borgarráð

***Tíma- og verkáætlun fjárhagsáætlunar 2025-2029***

Lögð er fram hjálögð tíma- og verkáætlun vegna undirbúnings og afgreiðslu fjárhagsáætlunar 2025-2029.
Borgarráð felur sviðum og fagráðum að hefja undirbúning að vinnu við fjárhagsáætlun og fjárfestingaáætlun næsta árs og til næstu fimm ára á grundvelli gildandi fimm ára áætlunar. Jafnframt er sviðum og fagráðum falið að gera áætlun um greiningar, framkvæmd og eftirlit vegna kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar. Að öðru leyti er vísað í framlagða tíma- og verkáætlun og ábyrgðaraðilum falið að fylgja eftir framkvæmd hennar.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri

Hjálagt:
Tíma- og verkáætlun fjárhagsáætlunar 2025 vegna A-hluta.
Tíma- og verkáætlun fjárhagsáætlunar 2025 vegna B-hluta.
Tíma- og verkáætlun fjárhagsáætlunar 2025 vegna KFS.

Reykjavíkurborg
Fjármála- og áhættustýringarsvið

**FAS24010022**
**Dags. 01. febrúar 2024**

## Tíma- og verkáætlun A-hluta
## vegna undirbúnings og afgreiðslu fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar 2025-2029

Vísað er nánar í FMS-STE-001 Reglur Reykjavíkurborgar um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar

| Fasi | Verkefni | Ábyrgð undirb. og vinnsla | Afgreiðsla | Dagsetn. | Mán. |
|---|---|---|---|---|---|
| FMS-VLR-044 Undirbúningur fjárhagsáætlunar | **Tíma og verkáætlun** ársins lögð fram í borgarráði | FAS | Borgarráð | 01.feb. | Fabrúar |
| | **Undirbúningur hefst:** Borgarráð felur sviðum og fagráðum að hefja undirbúning að vinnu við fjárhagsáætlun og fjárfestingaáætlun næsta árs og til næstu fimm ára á grundvelli gildandi fimm ára áætlunar. | Borgarráð | | 01.feb. | |
| | **Kynjuð fjárhags- og starfsáætlun (KFS):** Sviðum og fagráðum falið að gera áætlun um greiningar, framkvæmd og eftirlit vegna kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar. | Fag- og kjarnasvið / skrifstofur | | 01.feb. | |
| | **Undirbúningur skilaforma**: FAS undirbýr og leggur fram skilaform fyrir greinargerð fagsviða og kostnaðarmat á skuldbindingum utan fjárheimilda og mat á helstu áhættum í rekstri. | FAS | | 5. feb. | Febrúar |
| | **Samráðs- og undirbúningsfundur:** Fundur borgarstjóra, formanna fagráða og lykilstjórnenda. Farið yfir efnahagshorfur, tíma- og verkáætlun, ásamt gildandi fimm ára áætlun um rekstur og framkvæmdir. | Borgarstjóri / FAS | | 16. feb. | |
| | **Fjárfestingaáætlun:** FAS hefur vinnu við fjárfestingaáætlun í samræmi við verklagsreglur. Í því felst m.a. greining á fjárfestingaþörfum og jafnréttisskimun þeirra, þarfagreining vegna þjónustu borgarinnar, greining á valkostum, kostnaðarmat og mati á hagkvæmni í samvinnu við svið og USK. | FAS | | feb. | |
| | **Vinnufundir fagráða:** Formenn fagráða og sviðsstjórar undirbúa og skipuleggja vinnufundi fagráða, þar sem farið er yfir forgangsröðun og áherslur fagráðs í rekstri og fjárfestingum. | Fag- og kjarnasvið / skrifstofur | | mars | mars |
| | **Rýning á rekstri sviða og skrifstofa:** Sviðsstjórar rýna breytingar á magntölum þar sem við á og meta helstu áhættur í rekstri sviðsins. | Fag- og kjarnasvið / skrifstofur | | mars | |
| | **Kynjuð fjárhagsáætlun:** Sviðsstjórar kynna fyrir fagráðum áætlun sviðsins um greiningar, framkvæmd og eftirlit kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar. Fagráð staðfestir áætlun sviðsins. | Fag- og kjarnasvið / skrifstofur | Fagráð | mars | |
| | **Upplýsingafundur með íbúaráðum** um gildandi fjárfestingaáætlun og vinnu við mat á áherslum. | FAS/USK | | mars | |
| | **Þjóðhagsspá** Hagstofu Íslands gefin út. Undirbúningur á forsendum fjárhagsáætlunar hefst. | FAS | | 25.mar | |
| ◆ | **Skil fagsviða á rýningu á skuldbindingum og mati á helstu áhættum í rekstri sviðsins:** Sviðsstjórar skila til FAS greinargerð, kostnaðarmati og jafnréttisskimun á skuldbindingum utan fjárheimilda, breytingum á magntölum þar sem við á og mat á helstu áhættum í rekstri sviðsins. **Skil á áætlun vegna kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar:** Sviðsstjórar skili sundurliðaðri áætlun um greiningar, framkvæmd og eftirlit vegna kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar. **Lykiltölur og mælikvarðar:** Sviðsstjórar skila FAS lykiltölum og árangursmælikvörðum sviðsins vegna forgangsröðunar, reglubundins eftirlits og árangurmats. | **Fag- og kjarnasvið / skrifstofur** | | **15.apr.** | ◆ |
| FMS-VLR-045 Undirb. að úthlutun fjárheimilda | **Undirbúningur rammaúthlutunar.** Samantekt gagna og mat á útgjaldaþoli A-hluta. | FAS | | apríl/maí | Apríl - Maí |
| | **Fjárfestingaáætlun:** Yfirferð á fyrstu drögum að fjárfestingaþörfum, valkostum og forgangsröðun fagsviða fyrir fjármálahóp. | Fjármálahópur | | apríl/maí | |
| | **Fundir með sviðum:** yfirferð yfir skuldbindingar utan fjárheimilda, breytingar á magntölum og mat á áhættum. | FAS | | 6.-10 maí | Maí |
| | **Fundur fjármálahóps** um forsendur rammaúthlutunar vegna rekstrar og fjárfestinga. | Fjármálahópur | | maí | |
| | **Samráðsfundur** fjármálahóps, FAS með sviðsstjórum vegna undirbúnings að rammaúthlutun. | Fjármálahópur / Yfirstjórn | | maí | |
| | **Launaáætlanir:** FAS undirbýr vinnslu launaáætlunar fyrir næsta ár. Launaáætlun stofnuð. | FAS | | maí/júní | maí - júní |
| | **Þjóðhagsspá** Hagstofu Íslands gefin út. Fer til rýningar hjá FAS | FAS | | 28.jún | Júní |
| | **Forsendur fjárhagsáætlunar** lagðar fram í borgarráði. | FAS | | 11.júlí* | |
| ◆ | **Úthlutun fjárheimilda:** borgarráð úthlutar fjárhagsrömmum til sviða og skrifstofa og felur þeim að útfæra fjárhagsáætlun næsta árs og næstu fimm ára á forsendum þeirra. **Gjaldskrár:** lagðar línur um meðhöndlun innri og ytri gjaldskráa vegna vinnslu fjárhagsáætlunar | **Borgarstjóri / borgarráð** | **Borgarráð** | **11.júlí*** | ◆ |

| Fasi | Verkefni | Ábyrgð undirb. og vinnsla | Afgreiðsla | Dagsetn. | Mán. |
|---|---|---|---|---|---|
| FMS-VLR-046 Vinnsla fjárhagsáætlunar og greinargerðar | **Vinnufundir fagráða** | Fag- og kjarnasvið / skrifstofur | | júní - ágúst | Júní-ágúst |
| | **Afgreiðsla fagráða:** Fagráð afgreiða tillögu að áherslum og forgangsröðun í málaflokknum til næstu fimm ára. | Fag- og kjarnasvið / skrifstofur | Fagráð | júní - ágúst | |
| | **Vinnsla fjárhagsáætlunar** í samræmi við forsendur rammaúthlutunar. | Fag- og kjarnasvið / skrifstofur | | júní- sept. | Júní-sept. |
| | **Vinnsla launaáætlunar** og annarra gagna vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar. | Fag- og kjarnasvið / skrifstofur | | júní - sept. | |
| | **Vinnsla og frágangur fjárfestingaáætlunar** í samræmi við forsendur rammaúthlutunar. | FAS | | júní- sept. | |
| | **Vinnsla greinargerðar.** Útfærsla og framsetning greinargerðar og starfsáætlunar. | Fag- og kjarnasvið / skrifstofur | | júní- sept. | |
| | **Drög að fjárhagsáætlun kynnt fagráðum.** Sviðsstjórar kynna lokadrög að fjárhagsáætlun næsta árs og fimm ára áætlun ásamt starfsáætlun með þjónustumarkmiðum og árangursmælikvörðum og greinargerð fyrir fagráðum. Fagráð staðfestir að drög að starfs- og fjárhagsáætlun séu í samræmi við ákvarðanir fagráðs um áherslur og forgangsröðun og markaða stefnu í málaflokknum. | Fag- og kjarnasvið / skrifstofur | Fagráð | 13. sept.* | September |
| | **Útkomuspá og fimm ára áætlun.** Undirbúningur útkomuspár og fimm ára áætlunar. | FAS | | sept. | |
| ◆ | **Skil fagsviða á lokadrögum að fjárhagsáætlun og greinargerð**<br>**Skil fjárfestingaáætlunar og greinargerðar** | **Fag- og kjarnasvið / skrifstofur** | | **20. sept*** | ◆ |
| FMS-VLR-047 Frágangur og kynningar | **Samantekt á frumvarpi** að fjárhagsáætlun A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar. | FAS | | 18. okt. | Október |
| | **Greinargerð með frumvarpi:** FAS undirbýr greinargerð með frumvarpi þar sem lagt er fjárhagslegt mat á tekjur og útgjöld. | FAS | | 18. okt. | |
| | **Kynningar:** Formenn fagráða og sviðsstjórar kynna starfs- og fjárhagsáætlun næsta árs og til næstu fimm ára í borgarráði. | Fag- og kjarnasvið / skrifstofur | | 24. okt. - 25. okt. | |
| ◆ | **Frumvarp að fjárhagsáætlun lagt fram í borgarráði:** Borgarstjóri leggur fram frumvarp að fjárhagsáætlun næsta árs og fimm ára áætlun fyrir borgarráð ásamt starfsáætlun. | **Borgarstjóri / borgarráð** | **Borgarráð** | **31. okt.** | ◆ |
| Umræður og afgreiðsla | **Fyrri umræða:** Frumvarp að fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun lagt fram í borgarstjórn. Tekjuforsendur afgreiddar. | Borgarstjórn | | 5. nóv. | Nóv. |
| | **Breytingar milli umræðna:** Breytingatillögur lagðar fyrir borgarráð. | Borgarráð | Borgarráð | 28. nóv.* | Nóv. |
| ◆ | **Síðari umræða og afgreiðsla:** Borgarstjórn afgreiðir frumvarp að fjárhagsáætlun, starfsáætlun og fimm ára áætlun. | **SBS** | **Borgarstjórn** | **3. des.** | ◆ |
| Frágangur og skil | **Frágangur gagna:** Svið ganga frá lokafærslum inn í upplýsingakerfi og FAS tekur saman lokaútgáfu fjárhagsáætlunar. | Fag- og kjarnasvið / skrifstofur | | 13. des. | Des. |
| ◆ | **Fjárhagsáætlun 2023 - 2027 skilað til ráðuneytis:** FAS skilar til Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis / Hagstofu Íslands. | **FAS** | | **20. des.** | ◆ |

* Miðað er við að dagsetning sé "eigi síðar en" hér.

Reykjavíkurborg
Fjármála- og áhættustýringarsvið

FAS24010022
**Dags. 01. febrúar 2024**

## Tíma- og verkáætlun B-hluta
## vegna undirbúnings og afgreiðslu fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar 2025-2029

| Fasi | Verkefni | Ábyrgð undirb. og vinnslu | Afgreiðsla | Dagsetn. | |
|---|---|---|---|---|---|
| Undirbúningur | **Tíma og verkáætlun** ársins lögð fram í borgarráði | FAS | Borgarráð | 01.feb. | Febrúar |
| | **Samráðsfundur FAS og B-hluta fyrirtækja.** Yfirferð forsendum fimm ára áætlunar, mat á stöðu ytri áhrifaþátta, tíma- og verkáætlun fjárhagsáætlunar yfirfarin. Farið yfir skilalíkön og vinnslu. | FAS | | mars/apríl | mars/apríl |
| ◆ | **Skil byggðasamlaga á drögum að fjárhagsáætlun vegna undirbúnings rammaúthlutunar í A-hluta:** Byggðasamlög og fyrirtæki á framlögum sveitarfélaga skila fyrstu drögum að fjárhagsáætlun og mati á útgjaldabreytingum milli ára. | **B-hluti** | | **3.jún** | ◆ |
| Undirb. fjárhagsáætl. | **Þjóðhagsspá** Hagstofu Íslands gefin út. Fer til rýningar hjá FAS | FAS | | 28.jún | maí |
| | **Forsendur fjárhagsáætlunar** lagðar fram í borgarráði. | FAS | | 11.júlí* | Júlí |
| ◆ | **Vinnsla fjárhags- og starfsáætlunar í samræmi við forsendur** | **B-hluti** | | **júní-sept.** | ◆ |
| Vinnsla fjárhags- og starfsáætlunar | **Skilalíkön:** Líkön fyrir fjárhagsáætlanir B-hluta fyrirtækja send út | FAS | | 11. júlí. | Júlí |
| | **Samráðsfundir FAS og B-hluta fyrirtækja.** Farið yfir drög að fjárhagsáætlun og helstu áskoranir | FAS | | 13. sept.* | September |
| | **Fjárhagsáætlun kynnt og afgreidd í stjórnum:** Framkvæmdastjórar kynna lokadrög að fjárhagsáætlun næsta árs og fimm ára áætlun ásamt starfsáætlun og greinargerð fyrir stjórnun. | B-hluti | Stjórnir fyrirtækja | 30.sept.* | September |
| ◆ | **Skilafrestur B-hluta fyrirtækja á fjárhagsáætlun á breytilegu verðlagi ásamt starfsáætlun og greinargerð** | **B-hluti** | | **30.sept.*** | ◆ |
| Frágangur og kynningar | **Samantekt á frumvarpi** að fjárhagsáætlun A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar. **Samantekin greinargerð** fagsviða og B-hluta fyrirtækja. | FAS | | 18. okt. | Október |
| | **Kynningar:** Formenn stjórna og framkvæmdastjórar B - hluta fyrirtækja kynna starfs- og fjárhagsáætlun næsta árs og næstu fimm ára í borgarráði | B-hluti | | 24. okt. - 25. okt. | Október |
| ◆ | **Frumvarp að fjárhagsáætlun lagt fram í borgarráði:** Borgarstjóri leggur fram frumvarp að fjárhagsáætlun næsta árs og fimm ára áætlun fyrir borgarráð ásamt starfsáætlun. | **Borgarstjóri / borgarráð** | | **31. okt.** | ◆ |
| Umræður og afgreiðsla | **Fyrri umræða:** Frumvarp að fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun lagt fram í borgarstjórn | Borgarstjórn | | 5. nóv. | Nóvember |
| | **Breytingar milli umræðna:** Breytingatillögur lagðar fyrir borgarráð | Borgarráð | Borgarráð | 28. nóv.* | Nóvember |
| ◆ | **Síðari umræða og afgreiðsla:** Borgarstjórn afgreiðir frumvarp að fjárhagsáætlun, starfsáætlun og fimm ára áætlun. | **SBS** | **Borgarstjórn** | **3. des.** | ◆ |
| Frágangur og skil | **Frágangur gagna:** Gengið frá lokafærslum inn í upplýsingakerfi og FAS tekur saman lokaútgáfu fjárhagsáætlunar. | Fyrirtæki / FAS | | 13. des. | Desember |
| ◆ | **Fjárhagsáætlun 2023 - 2027 skilað til ráðuneytis:** FAS skilar til Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis / Hagstofu Íslands. | **FAS** | | **20. des.** | ◆ |

* Miðað er við að dagsetning sé "eigi síðar en" hér.

Reykjavíkurborg

Reykjavík, 1.febrúar 2024

## Tíma- og verkáætlun árið 2024

## Kynjuð fjárhags- og starfsáætlun (KFS)

| Mánuður | Verkefni | Ábyrgð | Dagsetning |
|---|---|---|---|
| Febrúar | **Tíma- og verkáætlun** KFS lögð fram í Borgarráði samhliða tíma og verkáætlun fjárhagsáætlunar. | Verkefnastýra KFS og FAS | 1. febrúar |
| | Staða KFS verkefna kynnt á fundi mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs. Verkefnastýra KFS kynnir. | Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð | 22. febrúar |
| Mars | **Fundur með öllum starfshópum fag- og kjarnasviða** þar sem þau kynna áætlanir sinna sviða fyrir verkefnastýru og starfshópum hinna sviðanna. | Verkefnastýra KFS | mars |
| | Skil á **greinargerð** um framkvæmd KFS samhliða skilum á ársreikningi Reykjavíkurborgar. | Verkefnastýra KFS | mars/apríl |
| Apríl | Staða KFS verkefna kynnt á fundi mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs. Verkefnastýra KFS kynnir. | Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð | 11. apríl |
| Maí | **Fundur með fjármálahópi**. Fjármálahópur kynnir niðurstöður jafnréttisskimana á skuldbindingum og áætlunum og fjárfestingaráætlun. Fulltrúi um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun situr fundinn. | Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð | apríl/maí |
| September | Staða KFS verkefna kynnt á fundi mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs. Verkefnastýra KFS kynnir. | Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð | 12. september |
| Nóvember | **Fundur með öllum starfshópum fag- og kjarnasviða** þar sem þau kynna vinnu ársins fyrir verkefnastýru og starfshópum hinna sviðanna (niðurstöður greininga, framkvæmd skimana og vinnslu jafnréttismats). | Verkefnastýra KFS | lok nóvember |
| Desember | Staða KFS verkefna kynnt á fundi mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs. Verkefnastýra KFS kynnir. | Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð | 12. desember |